

## Almennar upplýsingar við greiningu

### Við greiningu!

Þegar þú færð greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli, þarftu að fá upplýsingar um þína stöðu og möguleika. Greiningin getur valdið erfiðum tilfinningum og þá gleymist oft að spyrja um hlutina. Þessi bæklingur hjálpar þér við að spyrja réttu spurninganna og í hann getur þú skrifað helstu niðurstöður í greiningu.

### Samráð við lækni

Þú þarft að ræða við þinn lækni um mögulegar meðferðir. Jafnvel þó þú viljir afla upplýsinga á eigin spýtur, getur læknirinn þinn hjálpað þér við að koma skipulagi á þínar hugsanir og vangaveltur. Hann getur bennt á upplýsingar á netinu, afhent bæklinga eða leiðbeint þér á annan hátt. Ef maki þinn eða annar aðstandandi er með þér, getur hann lagt lið við að hlusta, spyrja spurninga og skrifa niður athugasemdir.

### Val um meðferðir út frá þinni stöðu

Hugsanlegir meðferðarmöguleikar ráðast mikið af því hvort þitt krabbamein í blöðruhálskirtli sé staðbundið eða hafi breiðst út fyrir kirtilinn. Þú gætir haft nokkra valkosti varðandi meðferðir og/eða virkt eftirlit. Mikilvægt er að fá upplýsingar um stöðuna og þá kosti sem eru í stöðunni.

Þú munt fá mikið af upplýsingum og líklega vakna margar spurningar. Farðu yfir spurningarnar í þessum bæklingi og athugaðu hvort þær geti gagnast þér í samtalinu við þinn lækni og við að átta þig á stöðunni og hvað sé framundan.

### Framför auðveldar þér verkefnið

Við hjá Framför getum aðstoðað þig í þessu verkefni og auðveldað þér að takast á við það. Hjá okkur færðu ráðgjöf um mögulegar leiðir og sálfræðiráðgjöf (í samstarfi við Ráðgjafabjónustuna) til að takast á við þetta allt.

Félag karlanna með krabbamein  
í blöðruhálskirtli og aðstandenda  
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - [www.framfor.is](http://www.framfor.is)

## Um Framför og fyrirvarar um notkun á upplýsingum

### Um Framför

Framför er sjálfstætt krabbameinsfélag karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda. Félagið veitir upplýsingar, fræðslu og stuðning ásamt því að vera hagsmunaaðili fyrir félagsmenn. Upplýsingar eru settar fram í samstarfi við fagfólk og eru yfirfarnar af fagaðilum. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins [www.framfor.is](http://www.framfor.is).

### Fyrirvari varðandi upplýsingar

Upplýsingar í þessum bæklingi eru ekki ætlaðar til sjálfsgreiningar eða koma í staðinn fyrir faglega læknisráðgjöf. Hafðu alltaf samband við heimilislækni eða heilsugæslu varðandi áhyggjur af heilsu eða krabbameini í blöðruhálskirtli. Hafðu samráð við þína lækna áður en þú byrjar eða hættir í meðferð, þ.m.t. lyfjanotkun.



Starfsemi Framfarar er  
styrkt af Velunnarasjóði  
Krabbameinsfélagsins



Krabbameinsfélagið


Framför er  
aðildarfélag að  
Krabbameinsfélaginu



Starfsemi Framfarar  
er styrkt af  
Heilbrigðisráðuneytinu

Félag karlanna með krabbamein  
í blöðruhálskirtli og aðstandenda  
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - [www.framfor.is](http://www.framfor.is)

 **Framför**



Spurningar  
við greiningu á krabbameini  
í blöðruhálskirtli.

Meiri upplýsingar á [www.framfor.is](http://www.framfor.is)

Félag karlanna með krabbamein  
í blöðruhálskirtli og aðstandenda  
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - [www.framfor.is](http://www.framfor.is)



## Spurningar varðandi þína krabbameinsgreiningu



- Geturðu útskýrt hvernig krabbamein í blöðruhálskirtli ég er með og hversu illvígt það er?
- Geturðu útskýrt hvað PSA og Gleason tölurnar mínar þýða?
- Lítur út fyrir að krabbameinið sé staðbundið í blöðruhálskirtlinum eða hefur það dreift sér út fyrir hann.
- Þarf ég aðrar greiningar til að hjálpa mér að ákveða hvaða meðferð ég þarf?

PSA:

Gleason:

Þéttleiki:

## Spurningar varðandi meðferðarmöguleika



- Geturðu útskýrt þá meðferðarmöguleika sem standa mér til boða og kosti þeirra og galla?
- Getur þú sagt mér hvaða aukaverkanir fylgja hverri meðferð og hvort þær minnki með tímanum?
- Hver eru áhrif mismunandi meðferða í bata, tíma frá vinnu, þörf fyrir umönnun og varðandi langvarandi aukaverkanir?
- Hvar get ég fengið aðstoð við að meta mína kosti í stöðunni og til að taka ákvörðun?
- Ef fyrsta meðferðin gengur ekki upp, hver væru þá næstu skref hjá mér í þeirri stöðu?

### Aðrir sérfræðingar og annað álit:

- Það er eðlilegt að vilja fá aðra skoðun. Þú getur fengið annað álit hjá öðrum sérfræðingi: helst aðila með reynslu af meðferðum við krabbameini í blöðruhálskirtli.
- Ef þér líður ekki vel með að spyrja þinn lækni getum við hjá Framför aðstoðað þig í þessu.
- Ef geislameðferð er valkostur fyrir þína meðferð gæti þig langað að ræða við geislalækna.
- Ef krabbameinið þitt hefur breiðst út til annarra hluta líkamans, gætir þú þurft að ræða við krabbameinslækni.
- Læknirinn þinn getur vísað þér til annarra sérfræðinga um stöðuna á þínu krabbameini s.s. þvægfæraskurðlækna, sérfræðinga í lyfjameðferð eða geislasérfræðinga.

## Ráðgjöf og stuðningur við greiningu



### Ráðgjöf hjá Framför

Eftir greiningu getur þú leitað til okkar hjá Framför þar sem þú getur fengið viðtal, spjallað um þína stöðu og fengið nánari upplýsingar um næstu skref í stöðunni. Á vefsíðunni [www.framfor.is](http://www.framfor.is) eru greinargóðar upplýsingar fyrir þá sem eru nýbúnir að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli og einnig sérhæfðar upplýsingar fyrir maka og aðstandendur.

### Jafningjastuðningur

Framför er í samstarfi við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins um jafningjastuðning þar sem þú getur rætt við aðila sem hafa gengið í gegnum það sama og fengið að heyra þeirra viðbrögð. Óskaðu eftir jafningjastuðningi í síma 800 4040.

### Sálfræðiráðgjöf

Framför er í samstarfi við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins um fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning fyrir aðila með krabbamein og aðstandendur. Þjónustan er veitt í Skógarhlíð 8 í Reykjavík og þar er opið virka daga frá kl. 9-16 í síma 800 4040. Einnig eru starfstöðvar á landsbyggðinni.